



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2014.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum (verkfallsréttur lögreglumanna), 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 500. - 372. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að tekin verði aftur breyting sem gerð var á lögreglulögum með lögum nr. 82/1986 þegar verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var afnám verkfallsréttarins hluti af kjarasamningum þess tíma og átti að tryggja lögglumönnum hækkun á launum í takt við önnur bandalög opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður frumvarpið og telur það í samræmi við félagafrelsis ákvæði 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi, sem og 8. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sú grein tiltekur jafnframt verkfallsréttinn sérstaklega. Verður að ætla að þrátt fyrir að lögglumönnum sé heimilt að fara í verkfall verði að vera tryggt að haldið sé uppi nauðsynlegri öryggisgæslu meðan á verkfalli stendur.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur